

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1123  
komudagur 25. 2. 2004



Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingis,  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. febrúar 2004

**Umsögn erfðarfjárskattur.**


Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um erfðarfjárskatt 435. mál.

Samtökin eru mótfallin því ákvæði að fella úr gildi heimild til ráðherra að undanþiggja líknar-og menningastofnanir eða félög greiðslu skattsins. Að lágmarki gera samtökin það að tillögu sinni að slík félög og stofnanir verði meðhöndluð Skv. a. lið 4. gr. þ.e.a.s greiði 5% erfðarfjárskatt.

Það er að mati samtakanna með öllu óásættanlegt að arfleiddandi standi frammi fyrir verri kosti hvað varðar skattalega meðferð kjósi hann af fúsum og frjálsum vilja að arfleiða slíkar stofnanir.

Landssamtökin Þroskahjálpar vilja að lokum minna á meira en hálftrar aldar tengsl erfðarfjárskatts við málefni fólks með fötlun og lýsa því áliti sínu að eðlilegt væri að kanna hvort þessum tengslum mætti ekki viðhalda með einum eða öðrum hætti í framtíðinni. Samtökunum er kunnugt um að slíkt fyrirkomulag er t.d. í Svíþjóð þar sem Arvfonden styrkir gjarnan rannsóknir og tilraunaverkefni á sviði fötlunar.

Virðingarfyllst f.h  
Landssamtakanna Þroskahjálpar

  
Friðrik Sigurðsson, framkvæmdarstjóri